

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 24. febrúar kl. 13:00 var haldinn 285. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 284 samþykkt og undirrituð.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Ásgeir Westergren og gerðu grein fyrir stöðu fjármögnunar og stöðu og horfum á álmörkuðum. Ásgeir yfirlit fundinn kl. 13:45 og kom þá Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála á fundinn. Möguleg sala á hlut í Landsneti kynnt og rædd. Ákvörðun um hvort lýsa eigi yfir vilja til að ganga til samninga frestað til aukafundar. Áhættuskýrsla, dags. 31.1.2020 lögð fram. Klukkan 14:05 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur til fundarins. Rætt um stöðu og horfur á fjarskiptamarkaði. [Bókun tekin út vegna trúnaðar]
3. Klukkan 14:30 mættu Eiríkur Hjálmarsson og Hólmfríður Sigurðardóttir til fundarins og lögðu fram til samþykktar ársskýrslu fyrir árið 2019. Umræður. Ársskýrslan samþykkt og undirrituð.
4. Stjórn samþykkir samhljóða að fela stjórnarformanni umboð til að boða aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur ásamt aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna.
5. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 20. febrúar s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 20. febrúar s.l.
6. Umfjöllun um samning um innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga frestað.
7. Klukkan 15:30 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og kynnti stefnuáætlun samstæðu OR fyrir árið 2020.
8. Klukkan 15:45 mætti Anna Margrét Björnsdóttir, skjalastjóri til fundarins og lagði fram til rýni stefnu í skjala- og upplýsingastjórnun. Stefnan samþykkt óbreytt. Klukkan 16:00 mætti Kenneth Breiðfjörð til fundarins, lagði fram og kynnti rýni innkaupastefnu. Umræður. Stefnan samþykkt óbreytt.
9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína, dags. 20. febrúar s.l. um starfsemina á milli stjórnarfundar. Umræður.
10. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:37.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 9. mars 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir,
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.